



## Skýrsla um samráð

### Efni samráðs

Öryggisflokkun gagna íslenska ríkisins

### Samráð hófst

22.06.2022

### Samráði lauk

19. ágúst 2022

### Fjöldi umsagna

5

### Umsagnaraðilar

Björn Leví Gunnarsson, Margrét Dóra Ragnarsdóttir, Böðvar Tómasson, Ríkislögreglustjóri, Samtök iðnaðarins.

**Björn Leví Gunnarsson** bendir á í umsögn sinni að það vanti flokkun sem tekur tillit til upplýsingalaga. **Margrét Dóra Ragnarsdóttir** bendir á í umsögn sinni að krafa um að allir seljendur séu aðili að innkaupakerfi Ríkiskaupa sé ekki í samræmi við aðrar kröfur.

**Böðvar Tómasson** bendir á í umsögn sinni að upplýsingar um raunlægar varnir vanti í flokkunina.

**Ríkislögreglustjóri** setur fram nokkrar ábendingar um skerpingu á orðalagi til betri skýringar sem og að öryggiskröfur þurfi að vera skýrar og afdráttarlaugar en ekki matskenndar. Jafnframt að skilin milli öryggisflokkunar gagna og gildissviði varnarmálalaga og reglugerðar um vernd trúnaðarupplýsinga þurfi að vera skýr.

**Samtök iðnaðarins** benda á sinni umsögn nauðsyn tengingar við lög um opinber skjalasöfn og líftíma upplýsinga. Samtökin benda einnig á að ekki séu öll kaup á stafrænum verkefnum útboðsskyld skv. drögnum. Jafnframt er bent á nauðsyn á skýrleika öryggiskrafna og stöðu þriðja aðila í því samhengi m.t.t. hæfni viðkomandi aðila.

Öryggisflokkun gagna styður við markmið upplýsingalaga um gagnsæi í stjórnsýslu. Einum undirkafla hefur verið bætt við í kjölfar samráðsferlisins til að skerpa á samhengi upplýsingalaga og öryggisflokkunar gagna íslenska ríkisins. Að sama skapi hefur undirkafla um samhengi reglugerða um vernd trúnaðarupplýsinga og öryggisflokkunarinnar verið bætt við.

Öryggisflokkun gagna er ýmist leiðbeinandi eða stefnumótandi skjal en felur ekki í sér ítarlegar leiðbeiningar um tæknilegar eða raunlægar kröfur. Líkt og segir í kaflanum „Næstu skref“ verður í kjölfarið unnið að praktískum leiðbeiningum um almenna útfærslu á öryggisúrræðum, s.s. leiðsögn vistunaraðila og vernd upplýsinga m.v. staðsetningu, útfærslur á raunlægum og rafrænum öryggisúrræðum o.fl.

Ráðuneytið tekur undir ábendingar um orðalag er varðar innkaupakerfi Ríkiskaupa og var því breytt til samræmis við aðrar kröfur.

Óskýru orðalagi hefur verið breytt með hliðsjón af innsendum umsögnum. Ráðuneytið telur samkvæmt framansögðu ekki þörf á umtalsverðum efnislegum breytingum á drögum um öryggisflokka íslenska ríkisins í kjölfar samráðs.